



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110023513

Fimmtudagur

12. janúar 2012
2. tbl. · 29. árg.



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



N1 VERSLUN ÍSAFIRÐI
SÍMI: 456 3995
ÓPIÐ: MÁN.-FÖS. 7-17



Frá Suðureyri í Royal Shakespeare

Síðastliðið vor voru liðin tíu ár frá því að Gísli Örn Garðarsson tók heljarstökk, í ansi bókstaflegri merkingu, inn í leikhúslífið á Íslandi. Gísli útskrifaðist frá leiklistardeild Listaháskóla Íslands vorið 2001 og hefur síðan þá ferðast vítt og breytt um heiminn með leikhópnum Vesturporti, sem er orðinn Íslendingum og annarra þjóða leikhúsunnendum að góðu kunnur. Gísli á ættir að rekja til Suðureyrar, þar sem hann nýtur þess að dveljast þegar tækifæri gefst á milli flikks og flakks um heiminn. Gísli sagði blaðamanni frá fyrstu sporunum á leiksviðinu – sem tekin voru í gríni, heimshornaflakkinu, nýjstu sýningunni hjá í Royal Shakespeare-leikhúsinu og frelsinu sem hann finnur á Vestfjörðum, í stuttu stoppi hans á landinu í desember.



VIÐ ERUM DAGLEGA Á FERÐINNI
MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

| www.flytjandi.is | sími 525 7890 |

EIMSKIP
Flytjandi

Öld frá stofnun Íshúsfélagsins

Hundrað ár voru liðin á laugardag frá því að Íshúsfélag Ísfirðinga var stofnað. Haustið 1911 hófu útgerðarmenn á Ísafirði að undirbúa stofnun hlutafélags um byggingu íshúss til að frysta og geyma beitu fyrir bátaflotann. Kosin var nefnd til að undirbúa stofnunina og í upphafi nýs árs, 7. janúar 1912 var boðað til stofnfundar og þar samþykkt með öllum atkvæðum að félagið skyldi starfa sem samlagsfélag með fullri ábyrgð allra hluthafa í réttu hlutfalli við eign þeirra í félaginu.

Á stofnfundinum skráðu sig 30 hluthafar í félagið með alls 4.700 króna framlagi. Stjórn félagsins var falið að annast um byggingu íshússins samkvæmt teikningu, sem lögð var fram á fundinum og flýta henni svo að hægt væri að taka ís á þessum fyrsta vetri. Aðal tilgangur félagsins var að frysta og geyma síld og aðra beitu auk þess að geyma matvæli fyrir bæjarbúa og aðra viðskiptavini. Félaginu hafði verið úthlutað lóð efst við Fjarðarstræti og þar reis íshúsið fljótlega af grunni.

Í tilefni 80 ára afmælis félagsins ritaði Jón Þ. Þór sögu þess árið 1992 og þar segir m.a. um starfsemi félagsins á fyrstu árunum: Síðla hausts, eða strax og ís hafði myndast á tjörnum, ám og lækjum, var hafist handa um ístöku og virðist svo sem ís hafi verið tekinn hvarvetna sem hann var að fá. Þegar Pollinn lagði, var ís tekinn af honum. Ísinn var fluttur í svokallaðan snjógeymi og bendir sú nafngift til þess að stundum hafi snjór verið tekinn og frystur.

Verðfall á íslenskum sjávarafurðum á tímum kreppunnar miklu og ekki síður lokun saltfiskmarkaða á Spáni vegna borgarastyrjaldar varð til þess að Íslendingar leituðu nýrra úrræða um verkun og sölu sjávarfangs. Í þessu skyni var Fiskimálanefnd sett á stofn árið 1934 og var tilgangur hennar að hafa frumkvæði að nýsköpun í sjávarútvegi, jafnt veiðum sem vinnslu. Eitt merkasta verk hennar var að hvetja fiskverkendur til að taka upp hraðfrystingu og hafði nefndin frumkvæði að markaðsleit fyrir frystan fisk. Forráðamenn Íshúsfélagsins eygðu þá möguleika, sem fólust í hraðfrystingunni en ljóst var að um risavaxið verkefni var að ræða. Niðurstaðan varð sú að þrjú íshús, Íshúsfélag Ísfirðinga, Jökull og Gláma sameinuðust undir nafni þess fyrst nefnda árið 1937 og í framhaldi af því var komið á fót hraðfrystingu. Starfsemi Íshúsfélagsins gjörbreyttist með

tilkomu hraðfrystingarinnar, í stað þess að reka meðalstórt íshús, er hafði að megin verkefni að frysta beitu fyrir hluta ísfirskabátaflotans, hóf nú félagið fiskivinnslu, framleiðslu matvæla fyrir erlenda markaði.

Miklar breytingar urðu á eignarhaldi félagsins árið 1943, fram að því hafði það að mestu verið í eigu stofnendanna, en nú keypti hópur undir forystu Guðjóns E. Jónssonar, útibússtjóra Landsbankans, nær allt hlutafélagins og rak um nokkurra ára skeið og í framhaldi af því eignuðust Böðvar Sveinbjarnarson og Jón Kjartansson í Reykjavík félagið og ráku það til ársins 1952 þegar

Um þessi kaup segir Jón Þ. Þór í bók sinni Íshúsfélag Ísfirðinga 80 ára m.a.: „Með því að kaupa hlut bæjarsjóðs í Íshúsfélaginu sýndu forráðamenn útgerðarfyrirtækjanna hins vegar að þeir höfðu trú á því að enn mætti gera út frá bænum og byggja þar upp atvinnu. Á það þó fyrst og fremst við um forystumenn Hrannar hf., Gunnvarar hf. og Magna hf., en þegar hér var komið sögu var skammt í það að útgerð Samvinnufélags Ísfirðinga legðist af og Togaraútgerðin varð aldrei annað en pappírifyrirtæki. Ber þá og að hafa í huga, að þótt forystumenn og skipstjórar þessara þriggja út-

byggingar árið 1962. Næstu ár á eftir jókst framleiðsla félagsins verulega og á síðari hluta sjöunda áratugarins var móttekið hráefni á bilinu 4-6 þúsund tonn á ári. Næstu áratugina voru þeir Guðmundur Guðmundsson framkvæmdastjóri Hrannar hf. og Jóhann Júlíusson framkvæmdastjóri Gunnvarar hf., kjölfestan í stjórn félagsins, enda sátu þeir óslitið saman í henni í rúman aldarfjórðung. Margir starfsmenn áttu langan starfsferil hjá Íshúsfélaginu og má þar nefna að Jóhannes G. Jónsson var framkvæmdastjóri félagsins í rúma tvo áratugi frá árinu 1974 og hafði áður verið skrifstofustjóri

un frystihússins.

Um og upp úr 1990 hóf Íshúsfélagið þátttöku í útgerð, m.a. línubátum Hafðísi, skuttogarannum Framnesi ÍS 708 í samstarfi við Kaupfélag Dýrfirðinga og árið 1993 festi það kaup á skuttogaranum Gylli frá Flateyri ásamt veiðiheimildum og fékk hann nafnið Stefni ÍS 28. Á þessum árum var Íshúsfélagið í meirihlutaeigu Hrannar hf. en síðla árs 1994 eignaðist Gunnvör hf. nánast allt hlutafélagins. Í framhaldi af sameiningu Gunnvarar hf. og Hraðfrystihússins hf. í Hnífsdal undir nafninu Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf. sameinaðist Íshúsfélag Ísfirðinga hf. því



Hundrað ár eru liðin síðan Íshúsfélag Ísfirðinga var stofnað.

Ísafjarðarkaupstaður eignaðist félagið að fullu.

Bátaútgerð á Ísafirði dróst verulega saman upp úr 1950 og skapaði það erfiðleika við hráefnisöflun Íshúsfélagsins, en árið 1957 óskuðu fimm útgerðarfyrirtæki í bænum, Gunnvör hf., Hrönn hf., Samvinnufélag Ísfirðinga, Magni hf. og Togaraútgerð Ísafjarðar hf., eftir því að kaup hlut bæjarins í félaginu og varð úr að hvert félag keypti 1/6 hlutfjárins, en bærinn hélt einum hlut eftir.

gerðarfyrirtækja hefðu allir verið viðriðnir útgerð og sjósókn um árabíl, voru þeir allir enn á besta aldri og sumir ungir menn. Með kaupum þeirra á Íshúsfélaginu og samvinnunni sem af þeim leiddi má því segja að eins konar kynslóðaskipti hafi orðið í ísfirskum sjávarútvegi.“

Nú var Íshúsfélagið komið í nán tengsl við starfandi útgerðarfélög í bænum og í framhaldi af því hófst veruleg uppbygging húsakosts félagsins við Eyrargötu og lauk fyrsta áfanga þeirrar

um árabíl. Jón Kristmannsson var yfirverkstjóri í nær fjóra áratugi.

Um 1970 breyttist eignarhaldið á félaginu nokkuð og eftir það voru Gunnvör hf. og Hrönn hf. aðaleigendur félagsins og skip þeirra kjölfestan í hráefnisöflun frystihússins um áratuga skeið. Með tilkomu skuttogaranna Júlíusar Geirmundssonar og Guðbjargar jókst hráefni Íshúsfélagsins verulega og á áttunda áratugnum tók það á móti 8-12 þúsund tonnum af fisk á ári. Á þeim árum var ráðist í tölverða staekk-

félagi árið 2000.

Íshúsfélagshúsið við Eyrargötu er mikilvægur hluti landvinnslu Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf. m.a. veruleg lausfrysting og t.d. var mest allur makríl afli ísfiskskipanna frystur þar. Að auki er önnur starfsemi í húsinu svo sem framleiðsla aukaafurða á vegum Klofnings ehf., Sjúkraþjálfun Vestfjarða hefur aðstöðu þar og nú nýlega hefur lækningavörufrirtækið Kerecis sett upp framleiðsluádstöðu í húsinu. – thelma@bb.is



GÓÐUR VINUR

LEYNIST INNRA MEÐ ÖLLUM - LÍKA ÞÉR

Við erum heppin að lifa í samfélagi sem byggir á samkennd og eiga vini sem styðja og styrkja.
SÍBS vinir eru bakhjarlar lífsnauðsynlegrar endurhæfingar að Reykjalundi sem byggir upp fólk eftir áföll.

Tryggðu þér vinarúmer hjá umboðsmanni þínum á Vestfjörðum eða í síma **560 4800** eða á **www.sibs.is**

Silja Jóhannsdóttir, Skálholti, Barðaströnd, sími **456 2080**, 451 Patreksfjörður.

Íslandspóstur, Bjarkargötu 4, sími **456 1100**, 450 Patreksfjörður.

Sparisjóður Vestfirðinga, Strandgötu 38, sími **450 2500**, 460 Tálknafjörður.

Birna Kristinsdóttir, Dalbraut 16, sími **456 2128**, 465 Bíldudalur.

Guðrún Bjarnadóttir, Vallargötu 12, sími **456 8393**, 470 Þingeyri.

Landsbankinn, Ránargötu 1, sími **410 4157**, 425 Flateyri.

Ragna Magnúsdóttir, Hólastíg 1, Sími **456 7510**, 415 Bolungarvík.

Íslandspóstur, Hafnarstræti 9-11, sími **456 5010**, 400 Ísafjörður.

Víkurbúðin, Grundarstræti 1, sími **456 4981**, 420 Súðavík.

Fyrsti útdráttur verður **13. janúar 2012**

Miðaverð aðeins **1.100 kr.**

HAPPDRÆTTI SÍBS ... fyrir lífið sjálft

500^{um} milljónir
í verðlaunapottinum 2012



Jólin kvödd með álfadansi og söng

Jólin voru kvödd með þrettándagleði á Ísafirði á föstudag, síðasta degi jóla. Gleðin fór að mestu fram við Eyrartún en þar gaf að líta ýmsar furðuverur. Fremst í flokki fóru álfakóngur og álfadrottning sem leikin voru af Hálfdáni Bjarka Hálfdánssyni, upplýsingafulltrúa Ísafjarðarbæjar, og Dóru Hlín Gísladóttur, þróunarstjóra hjá Kerecis. Grýla og hennar hyski var líka mætt til að taka þátt í gleðinni og ekki var laust við smáfólkið gripi fastar í mömmu eða pabba ef það hyski gerðist of nærgöngult. Nú er það allt haldið til síns heima og mun væntanlega ekki sjást fyrr en nálgast jól að nýju. Veður var fagurt, heiðskirt og logn, og eftir dansinn gekk hersingin að Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði og Hlíf, dvalarheimili aldraðra, sneri við og hélt sem leið liggur niður að verslunarkjarnanum Samkaup þar sem staldrað var við og horft á flugeldasýningu í boði Björgunarfélags Ísafjarðar. Um margra ára skeið hefur álfadans verið stígn á þrettándaðanum til skiptis í Bolungarvík og Ísafirði og er orðinn órjúfanlegur þáttur af jólahaldi margra Vestfirðinga. Það var að vanda Kvenfélagið Hlíf sem hafði stjórn álfadansins með höndum og fékk aðstoð frá Skátahreyfingunni, Litla leikklúbbnum, Björgunarfélaginu, Ísafjarðarbæ, ásamt dans- og tónlistarfólki.



Samkaup

úrval

góðir grannar



Sparnaðartilboð helgarinnar 12. - 15. janúar

samkaupurval.is

30% afsláttur
~~564~~
395 kr/kg
Úrvals kjötfars
úr kjötborði eða pakkað ferskt

33% afsláttur
~~1.595~~
1.069 kr/kg
Úrvals nautahakk
úr kjötborði eða pakkað ferskt

Úrvals íslenskar lambakótelettur ~~1.898~~ **1.689** kr/kg
úr kjötborði eða pakkaðar ferskar

30% afsláttur
~~649~~
454 kr/kg
Tex Mex kjúklingavængir
frá Ísfugli

Góð kaup!
tilboð
Mexíkóskar vörur
frá Coop – gæði og gott verð!

Úrvals íslenskt lambasirloin ~~1.498~~ **1.348** kr/kg
úr kjötborði eða pakkað ferskt

34% afsláttur
~~149~~
98 kr/stk
Disney ávaxtasafi
appelsínu- eða sólberjasafi

Ávöxtur vikunnar!
Gul melóna ~~279~~ **140** kr/kg **50% afsláttur**

...sjá fleiri helgartilboð og uppskriftir á samkaupurval.is

Ánöfnuðu Melrakkasetrinu sjóð í nafni Páls Hersteinssonar

Kollegar og vinir Páls Hersteinssonar sem lést í október á síðasta ári, hafa ánað Melrakkasetrinu í Súðavík dágóðri fjárhæð sem þeir hafa safnað í nafni hans en Páll var hugmyndasmiður og verndari Melrakkasetursins. Páll var virtur og afkastamikill fræðimaður, jafnt hérlendis sem erlendis.

Rannsóknir hans á tófunni, sem hófust á 8. áratug síður aldar, stóðu yfir í rúm 32 ár og hafa leitt í ljós mikilvægar upplýsingar um líffræði og stofnvistfræði tófunnar hérlendis sem erlendis. Fjárhæðin sem vísindamennirnir

söfnuðu hefur verið færð inn á sérstakan reikning sem stofnaður hefur verið í nafni Páls og verður opinn fyrir framlögum. Markmið sjóðsins verður að styðja við áframhaldandi rannsóknir á tófunni og efla alþjóðlegt sam-

starf á vettvangi tófurannsókna.

Þá hefur Melrakkasetrinu borist fjárstuðningur frá ættingjum og vinum Kristjönu Guðnýju Samúelsdóttur, sem féll frá í nóvember á síðasta ári. Kristjana ánað setrinu dágóðri fjárhæð

sumarið 2010 eftir að hafa komið í setrið, heillast af þeim verkefnum sem það hýsir. Að sögn Esterar Rutar Unnsteinsdóttur, forstöðumanns setursins, var Jónusjóður stofnaður í kjölfarið og fara í hann öll frjáls framlög.

Árskort barna gilda í öllum sundlaugum

Ísafjarðarbær og Bolungarvík hafa gert með sér samkomulag þess efnis að árskort barna í sundi gildi í öllum sundlaugum sveitarfélaganna tveggja. Bæjarstjórar sveitarfélaganna, Daniel Jakobsson og Elías Jónatansson, handsöluðu samkomulagið í Sundlaug Bolungarvíkur á föstudag.

„Þannig geta börn í Ísafjarðarbæ og Bolungarvík notað árskort sín í laugum nágrennasveitarfélaganna. Í fjölda ára hefur samgangur milli lauga sveitarfélaganna verið mikill og hefur lengi verið rætt um það að öll árskort gildi í allar laugar og er það mál áfram í skoðun. Ákveðið hefur verið að sjá hver reynslan verður af samnýtingu barnakorta áður en næstu skref verða tekin varðandi frekara samstarf,“ segir í tilkynningu um samkomulagið.

Samkomulagið nær til fimm sundlauga á norðanverðum Vestfjörðum, Sundhöll Ísafjarðar, Flateyjarlaug, Suðureyjarlaug, Þingeyjarlaug og Sundlaug Bolungarvíkur. Suðureyjarlaug er eina útisundlaugin en auk hennar eru heitir pottar staðsettir í Sundlaug Bolungarvíkur auk kennibrautar sem hefur verið vinsæl hjá yngri kynslóðinni á sumrin.

— *asta@bb.is*



Bæjarstjórar Bolungarvíkur og Ísafjarðarbæjar handsöluðu samkomulagið við þéttsetinn nuddpottinn í Bolungarvíkurlaug.



Arnór Stígsson níraður

Arnór Stígsson, smiður frá Hornvík, verður 90 ára laugardaginn 14. janúar nk.

Hann tekur á móti gestum og býður upp á veitingar í sal Frímúrara á Ísafriði kl. 18:00 á afmælisdaginn.

Spurningin

Strengdir þú áramótaheit?

Alls svöruðu 412.
Já sögðu 65 eða 16%
Nei sögðu 347 eða 84%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Suðlæg átt, hvasst á köflum og milt veður. Úrkomulítið á norðaustanverðu landinu, en vætusamt í öðrum landshlutum. **Horfur á laugar-dag:** Suðlæg átt, hvasst á köflum og milt veður. Úrkomulítið á norðaustanverðu landinu, en vætusamt í öðrum landshlutum. **Horfur á sunnudag:** Suðlæg átt, hvasst á köflum og milt veður.

Ritstjórnargrein

Vestfirðingur ársins 2011

Vali á Vestfirðingi ársins var hleypt af stokkunum með því að velja Vestfirðing ársins 2011. Sá er fyrstur þar þennan titil var sjómaður í Bolungarvík, Guðmundur Halldórsson, að nafni. Sá hefur ekkert gefið eftir. Sumir menn þrífast ekki iðjulausir. Tíu eru þau orðin, sjö karlar og þrjár konur, sem Vestfirðingar hafa fundið hjá sér hvöt til að kryna þessari viðurkenningu fyrir framlag þeirra til samfélagsins. Hvort sem það flokkast undir tilviljun eða eitthvað annað, þá báru konurnar tiltilinn þrjú ár í röð, árin 2005 til og með 2007. Vart er undrunarefni þegar kemur að stéttaskiptingu tímenningsanna að oftast hefur sjómönnum fallið heiðurinn í skaut, þrisvar.

Alkunna er að sagan endurtekur sig. Og nú hefur það skeið í valinu á Vestfirðingi ársins 2011, að hann hefur áður hlotið útnefningu: Örn Elías Guðmundsson, öðru nafni Mugison, var maður ársins 2004. Þar með hefur verið brotið blað í þessari sögu, sem vonandi verður skrifuð áfram um ókomin ár.

Þegar Mugison var valinn maður ársins 2004 var hann meðal annars sagður „einn áhugaverðasti og efnilegasti tónlistarmaður sem fram hefur komið hérlendis í mörg ár.“ Það ár hafði hann hlotið 5 tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna og plata hans Mugimama verið talin ein besta plata ársins af 18 helstu tónlistarsérfræðingum landsins. Hvað nú sjó árum síðar? Þarf að tífunda feril þessa tvímæla-

laust vinsælasta tónlistarmanns landsins, þessarar þjóðareignar, eins og það hefur verið orðað, sem varðað hefur vegin með eftirbreytniverðum fordæmum, til að fólk átti sig á sigurgöngu hans? Varla. Um leið og BB óskar Mugison til hamingju með titilinn Vestfirðingur ársins 2011 er því einu við að bæta að breiður fadmur vestfirskra fjalla og lygnir firðir munu ávallt verða hluti af honum og innblástur.

Næstir Mugison komu Súgfirðingurinn Guðni Albert Einarsson og Ísfirðingurinn Jón Guðbjartsson, sem báðir hafa látið til sín taka í atvinnurekstri, mest aðkallandi þætti til eflingu byggðar í fjórðungnum; Guðni í fyrirtæki sínu Klofningi ehf og Jón í rækjuverksmiðjunni Kampa ehf, báðir einarðir dagnaðarforkar, sem meðal annars hafa lagt mikla áherslu á að bættar samgöngur séu megin forsenda fyrir auknum, samkeppnishæfum atvinnurekstri hér vestra. „Göngin (undir Breiðadals- og Botnsheiði) voru ekki breyting heldur algjör bylting. Ég held að þessi göng sýni allt sem sýna þarf í samgöngumálum. Ef að samgöngur eru í lagi er svo margt annað í lagi,“ sagði Guðni í samtali við BB fyrir skömmu. BB óskar Guðna og Jóni til hamingju. Vöxtur og viðgangur fyrirtækja þeirra, sem og annarra vestfirskra fyrirtækja, er okkar allra heill.

Bæjarins besta óskar öllum þeim sem tilnefndir voru í valinu á Vestfirðingi ársins til hamingju og þakkar þátttökuna. *s.h.*

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólguðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. Blaðamenn: Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is. Ásta María Sverrisdóttir, sími 824 0644, asta@bb.is. Ritstjóri netútgáfu bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson. Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. Ahyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. Önnur útgáfa: Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. ISSN 1670 - 021X

Lúxus · Rómantík · Úrvals veitingastaður · Mannfagnaðir

GREAT HOTELS
OF THE WORLD
PREMIUM COLLECTION

HOTEL RANGÁ

Luxury Resort & Dining

★★★★

Átt þú stórafmæli á árinu 2012?

... 20 - 30 - 40 - 50 - 60 - 70 - 80 - 90 - 100 ára ...



**Hótel Rangá býður öllum sem eiga stórafmæli
á árinu einstakt afmælistilboð.**

Gisting fyrir tvo á aðeins 2012 krónur
á sjálfan afmældaginn ef haldið er upp á afmælið
með kvöldverði á veitingastað hótelsins.

Nánari upplýsingar á hotelranga.is/IS/afmaeli



Hótel Rangá | 851 Hella | Sími 487 5700 | Fax 487 5701 | hotelranga@hotelranga.is | www.hotelranga.is



Vestfirðingur ársins 2011 undirbýr teknóleikhús

Vestfirðingur ársins 2011 samkvæmt vali lesenda fréttavefjarins bb.is er Örn Elías Guðmundsson, mun betur þekktur sem Mugison. Valið kemur kannski ekki á óvart - þetta var árið sem allt virtist ganga upp hjá honum. Platan Haglél fékk frábæra dóma og rokseldist, hann ferðaðist hringinn og troðfyllti tónleikstaði hvar sem hann kom, þakkaði svo fyrir góðar viðtökur með því að spila frítt á enn fleiri tónleikum og fylla Hörpuna þrisvar sama kvöldið. Blaðamaður BB hringdi í Örn Elías og spurði hvernig hann hefði það að loknu þessu öllu og í upphafi nýs árs.

„Ég hef það bara mjög fint, takk. Þetta er svolítið eins og að fá að vera fegurðardrottning. Það er gott að fá viðurkenningu þótt það komi kannski ekki alltaf músíkinni við. En það er skemmtilegt vegna fólksins í kringum mann, ömmu og afa og svona. Nú geta þau verið stolt.“

En það hefur gengið ótrúlega

vel með Haglél - er platan svona góð? „Ég held að þetta sé samansafn af mörgum hlutum. Ég gaf lagið Haglél út snemma á síðasta ári og það gekk vel. Síðan kom Stingum af og það gekk líka mjög vel. Bæði þessi lög eru á plötunni og sáðu kannski í akurinn. En upp úr haustinu fór mig að gruna að ég hefði hitt á eitthvað gott því ég fékk mjög sterk viðbrögð frá fólki. Bæði þar sem ég var að spila og svo líka í gegnum netið.“

Olía á eld

Örn Elías segir að hann hafi þó aldrei átt von á að platan seldist jafnvel og raun varð.

„Það var samt frábær stemning á túrum sem við fórum kringum landið. Ég held að við höfum spilað 30 kvöld og það var alltaf gaman. Mikið af fólkinu hafði greinilega kveikt á Stingum af og vildi fá að heyra meira með þessum Mugison. Hinsvegar var

náttúrliga bara rugl að vera búinn að selja 12 þúsund plötur fyrir jólavertíðina. Mig grunaði aldrei að það myndi gerast. Og þá kviknaði þessi hugmynd að þakka fyrir sig með fríum tónleikum. Þeir tónleikar reyndust svo eins og olía á eld og platan seldist enn meir. En það var alls ekki planað. Ég er búinn að heyra allskonar sögur um markaðstríkk og hitt og þetta. Meira að segja að ég hafi gert þetta til að fá skattaafslátt. En mig langaði bara að segja takk. Því það er ótrúlega gott að selja 12 þúsund plötur fyrir desember og vera með uppselt á alla tónleika.“

Örn Elías segir að alls hafi selst 27 þúsund eintök af Haglél. Það gerir hana að einni mest seldu íslensku plötu sögunnar. Er hann enn sami trillukarlinn í tónlistinni?

„Já, ég er ennþá trillukarlinn að einhverju leyti. En Jón Þór hoppaði um borð í þetta skiptið og kom mjög sterkur inn í þetta.

Ég væri líklega útbrunninn ef hann hefði ekki verið með. Hann skipuleggur svo vel að allt gengur smurt fyrir sig. Til dæmis hefði ég örugglega ekki nennt að halda fréttamannafund í Hljómskálannum. En Jón Þór planaði það allt í þaula svo að við hinir þurftum ekki að gera neitt nema mæta. Aðrir sem tóku mikinn þátt í þessu með okkur voru Balli frændi Rúnu hjá Kima og Bárður vinur hans. Kimi sá um dreifingu en Bárður var að fönndra diska meira og minna í tvo mánuði. Þannig að þetta er enn sama fjölskyldustemningin í bland við nýja krafta.“

Mírstrúmentið vaknar

– Þegar þú fluttir suður í haust varstu að byrja í tónlistarnámi, ertu enn í því?

„Ég eiginlega veit það ekki í augnablikinu. Hugmyndin á bakvið það að fara í þetta nám var að það passaði upp á að ég héldi

áfram að grúska í hljóðfærinu sem ég smíðaði, Mírstrúmentinu. En það hefur nú eitthvað lítið orðið úr því. Núna er ég því að velta fyrir mér hvort ég eigi að grúska mig áfram sjálfur eða halda áfram í þessum skóla. Allavega er næsta verkefni Mírstrúment plata og sýning í kringum hana sem ég sé fyrir mér sem einhvers konar ferðasirkus eða teknóleikhús. Þetta er þarna á sjóndeildarhringum en bara spurning hvaða leið ég fer að því.“

Örn Elías bætir við að lokum:

„Annars vil ég fá að þakka heiðurinn. Þegar ég var eitthvað þreyttur um daginn spurði ég Rúnu hvort við ættum ekki bara að fara aftur vestur. Þannig að við gætum labbað með börnin í skólann og þetta væri ekki svona mikið vesen. Og ég fengi skúrinn minn aftur. Þannig að sjáum til. Allavega söknum við Vestfjarða og fólksins. Og skúrsins.“

– *Huldar Breiðfjörð.*

33.680

ÁSTÆÐUR TIL AÐ EIGA MIÐA

Fyrir aðeins 1.100 kr. á mánuði eiga miðaeigendur möguleika á milljónavinningum, 24 sinnum yfir árið.



Um einn tíundi hluti landsmanna fékk vinning í Hapdrætti Háskólans á síðasta ári eða **33.680** manns. Þar af fékk **91** vinningshafi milljón eða meira og einn fékk heilar **90** milljónir.



Myndin sýnir skiptingu stærri vinninga á síðasta ári, **100.000 kr.** eða meira. Alls voru greiddar út **839** milljónir og **675** þúsund krónur.

EINN MIÐI-TVEIR LEIKIR

Í **Aðalútdrætti** hvers mánaðar drögum við alls út um **60 milljónir** sem dreifist á **3000** miðaeigendur.

DRÖGUM
10.
JANÚAR

Í janúar fer **Milljónaveltan** aftur af stað. Þar veltur **10 milljóna vinningur** áfram milli mánaða og bætir við sig öðrum 10 gangi hann ekki út, svo hann getur hæst orðið **120** milljónir.



Spilaeyjan er nýr og skemmtilegur leikjavefur þar sem þú getur spilað við vini þína eða kynnst nýjum spilafélögum. Miðaeigendur í Hapdrættinu fá inneign á Spilaeyjunni.



Fáðu þér miða á www.hhi.is, í síma 800 66 11 eða hjá næsta umboðsmanni.

Gísli Örn er örlítið seinn fyrir á þeim dimma desembermorgni sem blaðamaður hefur mælt sér mót við hann. Ekki að ástæðulausu: hann og eiginkona hans, leikkonan Nína Dögg Filippusdóttir, eignuðust annað barn sitt nú í lok nóvember. Eins og Gísli segir sjálfur þegar hann ber að garði er fjölskyldan smátt og smátt að aðlagast nýjum högum. „Það tekur allt svolítið lengri tíma hjá okkur núna,“ segir hann og brosir afsakandi. Gísli og Nína, sem einnig er meðlimur í Vesturporti, eiga fyrir dótturina Rakel Maríu. Fjölskyldan er búsett í Þingholtunum í Reykjavík - þó það megi nú reyndar færa rök fyrir því að í því samhengi sé of frjálsglega farið með orðið „búsetu“.

Líður vel í faðmi þorpsins

„Ég reiknaði út herna um daginn að á þeim sjö árum sem eru liðin síðan við fórum fyrst út til Englands með Rómeó og Júlíu hef ég verið í Englandi í samtals fjögur ár. Það er fyrir utan allt hitt flakkið. Svo ég hef greinilega verið voða lítið heima hjá mér. Ég veit ekki hvað þetta er – mér finnst yndislegt að vera á Íslandi, en ég stoppa greinilega stutt,“ segir Gísli, þar sem hann hefur komið sér fyrir í þægilegum sófa á Hótel Holti um miðjan desember með tebbolla sér í hönd. Gísli er uppalinn í Noregi en á hins vegar ættir að rekja til Vestfjarða.

„Amma mín og afi, Halldóra Gissurardóttir og Högni Egilsson, eru bæði frá Suðureyri. Öll fjölskyldan mömmu megin er eiginlega þaðan, en sjálfur uppgötvaði ég Vestfirði ekki fyrr en núna nýlega. Mér finnst æðislegt að vera þar,“ segir Gísli, sem dvaldist á Suðureyri síðasta sumar og hyggst snúa aftur sem fyrst. „Fólk þar er tengt minni ætt og það er frábært að koma og heyrja sögur af sínu fólki. Mér líður svolítið eins og ég sé kominn heim. Maður finnur að maður er svo velkominn. Það skiptir miklu máli – að vera tekinn í faðm þorpsins og komast strax á kaf í félagslífið og svona. Það er frábært,“ segir Gísli, sem segist ekki endilega hafa átt von á svo góðum viðtökum.

„Sagan um þorpin er alltaf sú að það sé ekkert pláss fyrir neina nema þá sem þar búa, að það séu allir svo lokaðir og ekki spenntir fyrir aðkomumönnum. Kannski er það bara lygi til að halda fólki frá - svo það komi ekki of margir,“ segir hann og hlær við. „Mér finnst það alveg merkilegt, og til fyrirmyndar, hvað Vestfirðingar eru opin og yndislegir gagnvart manni. En svo er þetta kannski nákvæmlega eins á Austfjörðum – ég bara þekki það ekki ennþá,“ bætir hann við.

Flökkukindin Gísli kann sömuleiðis vel að meta frelsið sem felst í því að dveljast á svo litlum stað. „Það er algjör snilld að vera þarna með börn. Það eru allir að

passa börnin þín – maður hleypir þeim út á daginn og svo eru allir með augun opin. Þetta er ótrúlegur lúxus. Við höfum þvalst út um allan heim síðustu ár og þetta er hvergi annars staðar svona. Hvergi. Þetta er því líkt frelsi fyrir alla,“ segir Gísli.

Félagslega sveltur fimleikastákur

Gísli er alinn upp í Osló, þar sem foreldrar hans stunduðu háskólanám við háskólann. Tenging hans við Noreg er þó sterkari en margra annarra Íslendinga sem þar hafa dvalist við nám og störf um skeið. „Amma og afi fluttust til Noregs þegar mamma var sextán ára. Þar skildu þau og eignuðust svo bæði norska maka. Amma er nýkomin heim til Íslands aftur, eftir að maðurinn hennar féll frá, en afi er ennþá úti. Þess vegna er ég líklega tengdari Noregi en ella. Við fórum oft út á sumrin og þessum tengslum var alltaf haldið við,“ útskýrir Gísli.

Hann lagði sjálfur stund á háskólanám í Osló, áður en hann söðlaði um og hélt í leiklistina. Það var reyndar þar sem leiklistaráhuginn kviknaði, en áður hafði helsta áhugamál Gísla verið fimleikar, sem hann stundaði frá unga aldri.

„Ég byrjaði í leiklist í gríni. Ég var að læra Vestur-Evrópufræði og bjó með norskum vini mínum sem var í lögfræði. Hann skráði mig í stúdentaléikhúsið sem einhvern brandara, án þess að láta mig vita. Svo var hringt í mig og mér sagt að mæta á æfingu á mánudagskvöldi. Okkur fannst þetta viðbjóðslega fyndið og grétum af hlátri yfir þessu. Til að fylgja brandaranum eftir varð ég náttúrulega að mæta og þar byrjaði leiklistarstuðið,“ segir Gísli frá. Á þessum tíma var það ekki heldur leiklistarformið sjálft sem heillaði Gísla mest.

„Ég var eiginlega spenntastur fyrir félagslífinu í kringum leiklistina. Ég hafði verið í fimleikum nánast alla ævi. Á þessum tíma

var ég að æfa með norska landsliðinu í fimleikum og æfði áður með íslenska landsliðinu herna heima. Ég hafði bara aldrei átt neitt félagslíf,“ segir Gísli frá.

„Þegar ég var í MH og allir vinir mínir voru að djamma var ég bara á fimleikaæfingum. Vinir mínir úr fimleikunum, eins og Skúli Malmquist og Gottskálf Dagur, hættu þarna og helltu sér í félagslíf skólans, en ég hélt alltaf áfram. Ég frelsaðist eiginlega þegar ég fór í leiklistina í Osló. Þar var djammað langt fram á morgun og svo stolist í morgunmat á einhverju hótelinu þegar partyinu lauk. Mér fannst þetta ofboðslega skemmtilegt og þetta var mikil upplifun fyrir fimleikastrákinn. Það voru allir búnir að vera í þessu í tíu ár, en ég var bara að stíga mín fyrstu skref,“ segir hann og hlær við.

Kemst á stóra sviðið í Noregi

Eitthvað hefur þó heillað við leiklistarstarfið annað og meira en félagslífið, því Gísli sótti um í leiklistarskóla í Noregi. „Það gekk ekki neitt. Ég komst ekki einu sinni upp úr fyrsta úrtaki. Þá hugsaði ég bara með mér að þessi draumur væri þar með búinn. Ég kom hingað heim til Íslands og fór eitthvað að bardúsa; hélt einhverja Bítlátónleika og var aðeins farinn að þreifa fyrir mér í að framleiða,“ segir Gísli. „Svo voru inntökuprófin í leiklistardeild Listaháskóla Íslands og ég hugsaði með mér að ókei, ég prófaði einu sinni enn, bara til að geta sagt að ég hefði þó reynt. Og þá komst ég inn. Þetta voru örlögin, bara,“ segir Gísli, sem kveðst vera feginn því að svo fór. „Auðvitað vil ég frekar vera Íslendingur en Norðmaður! Það er fátt sem toppar tilfinninguna sem maður fær þegar maður kemur vestur, til dæmis. Þá finn ég alveg hvaðan ég er í raun og veru,“ segir hann.

Leið Gísla liggur nú aftur til Noregs, en þar frumsýnir hann Hamskiptin í Þjóðleikhúsi Norð-

manna 14. janúar. „Ég ætla sjálfur að leika í því. Á norsku. Ingvar [E. Sigurðsson] fer með mér út. Við erum báðir mjög spenntir fyrir þessu. Ég tala málið fullkomlega og Ingvar verður örugglega búinn að ná því líka. Hann er búinn að vera mjög duglegur í norskukennslunni og verður orðinn helvíti góður þegar það kemur að þessu. Það eru ekki bara læknað sem fara til Noregs þessa dagana, líka tveir leikarar!“ segir Gísli.

Snýr hann þá sigrandi út aftur? „Ja, eða verð aftur sendur heim með skottið á milli lappanna. Við sjáum hvað gerist. Það er samt ekkert leiðinlegt að hafa ekki komist inn í skólann en mæta núna á stóra sviðið í Þjóðleikhúsinu! En þetta er aðallega gaman fyrir okkur sem leikara og fagmenn. Það opnar sjóndeildarhringinn,“ segir Gísli.

Viðburðarík ár með Vesturporti

Í vor verða liðin tíu ár frá því að Vesturport frumsýndi Rómeó og Júlíu í Borgarleikhúsinu og stimplaði sig þar með á áberandi hátt inn í íslenskt menningarlíf. Klifrandi og stökkvandi leikarar, leikgleði og „hæfilegt virðingarleysi“ fyrir heimsbókmenntunum, eins og gagnrýnandi Morgunblaðsins komst að orði, var blanda sem náði áhorfendum á sitt band. Verkið var sýnt í rúm tvö ár, en Gísli, sem leikstýrði verkinu ásamt Agnari Jóni Egilssyni, samdi við þáverandi Borgarleikhússtjóra um að fá að setja leikritið upp sem hluta af fastráðningarsamningi hans við leikhúsið.

Verkefnið sem hópurinn hefur komið að síðan þá eru fleiri en svo að hægt sé að telja þau öll upp. Sem dæmi má nefna leik-sýningarnar Hamskiptin, Voyzeck, Brim, söngleikinn Ást og grínleikinn Húsmóðurina og kvikmyndirnar Sveitabrúðkaup, Börn og Foreldra. Hópurinn hefur svo lagt land undir fót með fjölmargar þessara sýninga og sýnt

um allan heim – eða svo til. „Af heimsálfunum eigum við bara Suðurskautslandið og Afríku eftir. Markmiðið er að verða fyrsti leikhópurinn til þess að sýna í öllum heimsálfum,“ segir Gísli. „Við skulum bara setja það á fimm ára planið,“ bætir hann við.

Gísli kveðst enda sjálfur varla hafa yfirsýn yfir allt það sem hann hefur tekið sér fyrir hendur á þessum áratug. „Ég er farinn að ruglast heimikið á því hvar við vorum hvenær og man yfirleitt frekar lítið. Þess vegna erum við komin með mjög góða heimasíðu, meira að segja með landakorti þar sem hægt er að sjá hvert við fórum með hvaða sýningu. Björn Helgason, ljóshönnuðurinn okkar, hefur haft yfirumsjón með síðunni. Sem betur fer, því annars væri þetta allt í rugli. Tölvan mín er til dæmis eflaust það óskipulagðasta sem til er,“ segir Gísli.

Tíu ára afmæli Rómeó og Júlíu á komandi vori leggst vel í hann.

„Þetta eru auðvitað mjög skemmtileg tímamót, en sanna það aftur sem allir segja við mann sem barn; að tíminn eigi eftir að líða miklu hraðar eftir því sem maður eldist. Mér finnst eiginlega alveg fánlegt að það séu liðin tíu ár. En á sama tíma hef ég líka komið víða við, svo þetta er allt í lagi,“ segir Gísli.

Tilurð Vesturportshópsins hefur oft verið rakin áður, en það er þó ekki alveg úr vegi að ríffa upp hvernig þetta kollektíf listafólks varð til.

Nemar í uppreisnarhug

Vesturport er sprottið upp úr þörf leiklistarnema til að umbylta listinni. „Á þeim tíma sem við vorum í skólann var uppreisnarhugur í okkur – okkur fannst flestallt sem var í leikhúsinu hálfkeimlíkt og staðnað. Sem er bara hið besta mál, maður á að vera uppreisnargjarn þegar maður er í námi; rífa mikinn kjaft og hafa miklar skoðanir. Í leiðinni er maður að móta sjálfan sig sem listamann. Með því að segja hvað



maður fílar ekki kemst maður nær því hvað maður fílar og vill gera,“ segir Gísli. „Við krakkarnir í bekknum mínum náðum mjög vel saman og á milli okkar var sterk taug. Við fundum að við vildum halda áfram að vinna saman eftir að skólanum lyki. Af átta manns í bekknum erum við fjögur í Vesturporti,“ útskýrir Gísli.

Óljósri hugmynd um að breyta og bæta leikhúsi var hrint í framkvæmd fyrir hálfgerða rælni. „Við Björn Hlynur vorum einhvern tíma á leiðinni í skólann of seinir, auðvitað; þá var ég hættur að vera fimleikamaður og orðinn listamaður – og löbbum fram hjá gömlum vinnuskúr sem var til leigu á Vesturgötunni. Við leigðum hann á leiðinni í skólann og reiknuðum út að ef við söfnuðum svona fimmtán manns þyrfti hver og einn að borga 20 þúsund krónur á mánuði fyrir þetta 49 sæta leikhús,“ útskýrir Gísli. Þeir leituðu á náðir samsinnaðra félaga sinna úr skólanum og bransanum, eins og Ingvars E. Sigurðssonar, Ólafs Darra Ólafssonar og Sjonna Brink sem féll frá á árinu. Úr varð nægilega stór hópur til að greiða leiguna og sem hefði þá frelsi til að gera hvað sem er á eigin ábyrgð í þessum skúr. Þannig varð Vesturport til.

Frá upphafi hefur sá hátturinn verið á að hverjum og einum Vesturportara er frjálst að gera það sem hann vill. „Þetta var alltaf hugsað þannig að fólk gæti gert það sem því sýndist, ekki þannig að allir þyrftu stöðugt að vinna saman. Við vorum þarna komin með hús, svo að í staðinn fyrir að sitja úti í horni og væla yfir því hvað allt væri glatað annars staðar, höfðum við tækifæri til að gera okkar. Ég held að þetta sé ástæðan fyrir því að hópurinn lifir enn - það er aldrei nein krafa á neinn. Sá sem gerir verkefnin ber alla ábyrgð á þeim. Hann semur við aðra, ræður þá til sín og borgar þeim laun eða hvernig sem það er. Sá sem stjórnar verkefninu ræður. Það er ekkert svona: „Þú stjórnar síðast – nú má ég!“ Það geta bara allir gert það sem þeir vilja. Þetta er mjög laust í reipum, sem er eflaust ástæðan fyrir því að við erum ekki orðin geðveik,“ segir hann og brosir.

Rómantíkin ekki á rökum reist

Um tveimur árum eftir að leikhúsið litla við Vesturgötuna var vígt, á menningarmótt 2001, lét hópurinn Vesturportsskúrin frá sér, enda meira en að segja það að reka leikhús. „Þetta var farið að snúast allt of mikið um hver ætti að þrifa, hver ætti að kaupa klósettpappír... Fólk var orðið að húsörðum. Þetta er svolítið eins og að eiga bar. Við Björn

Hlynur stofnuðum nefnilega líka Hverfisbarinn. Það er voða rómantísk hugmynd að vera bareigandi – alveg þangað til það er hringt í þig klukkan fjögur um nótt því einhver kunningi þinn er í röð og kemst ekki inn,“ segir hann og hristir höfuðið. Hópurinn ákvað því að verja orku og tíma frekar í að framleiða verkefni og sinna fólki en að reka húsnæði.

Þó að kjarni Vesturports sé enn hinn sami og í upphafi hefur hópurinn þó hlaðið utan á sig með árunum. „Þetta hefur verið eins og amaba sem tekur inn ný lífsýni og skilur önnur eftir. Það er bara svolítið undir hverjum og einum komið hvernig þetta er. Í Vesturporti eru margir smákóngar og sumir frekari en aðrir. Ég er eflaust einn þeirra frekari – en það þýðir ekki að aðrir geti ekki gert sitt líka. Svo eru margir komnir í klíkuna; við höfum unnið með svo mörgum og farið svo víða. Það er ákveðin stemning í kringum verkefnið okkar og ég held að flestir skynji hana. Fólk fær yfirleitt Vesturportsbol eða Vesturportsþróttagalla og er þar með komið í klíkuna,“ segir Gísli og brosir við.

Mikill munur á starfsumhverfi

Aðspurður um mismunandi starfshætti og aðbúnað segir Gísli töliverðan mun á starfsumhverfi leikara hér á landi og í Englandi, til dæmis. Það kemur blaðamanni á óvart að sá munur er Íslandi heldur í vil. „Hann er aðallega fjárhagslegur,“ segir Gísli, „í þeim skilningi að hérna hefur maður þann lúxus að geta verið mikið í leikhúsinu að æfa - á sviðinu þar sem maður setur sýninguna upp. Með Rómeó og Júlíu vorum við á sviðinu að æfa í tvo, þrjú mánuði áður en við frumsýndum. Annars hefðum við aldrei getað gert þetta; ég var með fimleikabakgrunninn en flestir hinir voru bara lofthæddir,“ segir hann og brosir við.

„Í London er þetta hins vegar oft þannig að fólk er með æfingahúsnæði úti í bæ og svo hefur það kannski viku í leikhúsinu þar sem það prófar allt í fyrsta skipti. Og þá verða oft til mála miðlanir sem eru ekki endilega mjög góðar. „Við höfum aldrei gert þetta, þetta hefst ekki, við verðum að breyta þessu.“ Þetta er eitthvað sem ég hef lært inn á núna. Með Hamskiptin gerði ég til dæmis þá kröfu að leikmyndin væri uppi frá fyrsta degi, svo við gætum æft í henni. Hún var þá sett upp í húsnæði úti í buska – við þurftum að ferðast í einn og hálfan tíma til að mæta á æfingar – sem var mjög óvanalegt. Þess vegna eru sýningar í Englandi held ég gjarnan eins og þær eru; fólk á sviði að fara með texta. Það gerir það reyndar mjög vel,

en ég held að þessi hefð hafi myndast út af þessu. Það er lítið svigrúm til að hafa hugmyndaflug í að fljúga um loftin og leika sér,“ segir Gísli.

Margir boltar á lofti

Frá útskrift hefur Gísli ekki einungis komið fram á leiksviðum víða um heim heldur sinnt ýmsum störfum innan leikhússins; ýmist leikstýrt, leikið eða framleitt sýningar. Hann hefur gaman af því að geta skipt sér á milli hlutverka.

„Það að pródúsera, framleiða, liggur samt afskaplega vel fyrir mér. Fæstir vita svo sem almennilega hvað felst í því, að pródúsera leikhús. Það sem framleiðandinn gerir í raun og veru er að frjóvga verkefnið. Hann er með hugmyndina, tengir hana inn á réttan vettvang, fær rétt fólk með sér til þess að búa hana til. Ef ég hefði bara verið pródúsent að Rómeó og Júlíu til dæmis, hefði það ekkert verið svo ólíkt því sem ég var að gera. Ég hefði ráðið einhvern í vinnu við að leikstýra sýningunni, einhvern til að leika í henni, einhvern til að skrifa handritið og ég hefði skipt mér mikið af öllu og reynt að hafa áhrif á allt,“ segir Gísli.

„Í bíómyndabransanum eru framleiðendurnir fólkið sem kaupir réttinn að einhverri bók, til dæmis, fær fólk með sér í vinnu og hefur á endanum framkallað eitthvað verkefni. Reyndar er það aðeins frábrugðið leikhúsinu, því í bíómyndunum ráða framleiðendurnir yfirleitt útkomunni – þeir eiga síðasta klippið,“ segir Gísli, sem kynntist vinnubrögðum Hollywood þegar hann fór með hlutverk í stórmyndinni Prince of Persia, sem frumsýnd var í fyrra. „Jerry Bruckheimer framleiddi þá mynd og Mike Newell leikstýrði, en Jerry Bruckheimer réði samt öllu. Leikstjórnin sagði mér seinna að hann hefði háð tíu stórar baráttur í ferlinu og tapað þeim öllum. Framleiðandinn ákvað hvernig myndin leit út í lokin, að leikstjórnin þyrfti að reka besta vin sinn sem klippara og ráða einhvern annan, til dæmis. Hann ræður bókstaflega öllu,“ útskýrir Gísli.

„Í leikhúsinu er það mjög tengt að leikstýra og framleiða, nema að sem framleiðandi tekur maður þátt í að búa verkefnið til fjárhagslega og heldur utan um fjármálin,“ segir Gísli, sem hefur lært enn betur á það ábyrgðarsvið framleiðandans með árunum. „Þegar við fórum með Rómeó og Júlíu til Englands í fyrsta skiptið vorum við sko algjörlega tekin í rassgatið peningalega. Maður vissi bara ekki betur. Ég held að það sé svo sem verið að gera það við alla leikara í Bretlandi; framleiðendur svína á öllum. En þess vegna vil ég halda mjög fast utan um þetta sjálfur.



Ég nenni ekki að eiga hugmyndina að einhverju og láta svo einhvern annan græða á mér. Ég hef náð að fyrirbyggja það eftir því sem árin hafa liðið,“ segir Gísli.

Hann hefur þó enn gaman af því að leyfa ábyrgðinni að hvíla í höndum annarra. „Það er allt öðruvísi að vera ráðinn sem leikari í bíómynd eða leikhús, en samt alveg jafnfrábært. Það er líka æðislegt að hafa enga ábyrgð og geta bara gefið sig á vald verkefninu,“ segir hann.

Sprengdi fjárhags-áætlunina hjá Shakespeare-leikhúsinu

Gísli er, sem áður segir, nýsnúinn heim frá Englandi og rétt ófarinn til Noregs þegar blaðamaður nær tali af honum. Þar frumsýndi hann Hróa hött, sem hann leikstýrði fyrir eitt virtasta leikhús heims, Royal Shakespeare Company. Sýningar standa yfir og munu gera fram eftir leikári, en í hans stað heldur Selma Björnsdóttir nú um taumana. Auk hennar koma að sýningunni fjöldi annarra Íslendinga og Vestur-

portara: Björn Helgason hannar lýsingu, Bórkur Jónsson gerir leikmynd, Ólafur Darri Ólafsson leikur í sýningunni og Högni Egilsson semur tónlistina.

„Við Selma höfum unnið saman áður. Hún hefur verið í nokkrum Vesturportssýningum; kom inn í Hamskiptin fyrir Nínu, líka Rómeó og Júlíu og kom líka inn í Húsmóðurina núna þegar Nína varð ólétt. Við fórum líka saman til Hvíta-Rússlands einu sinni, þar sem ég leikstýrði Hnotubrjótnum með hvít-rússneska ballettinum. Ég bað Selmu um að koma með mér í það af því að ég vissi að ég gæti ekki verið við frumsýninguna. Hún fylgdi verkinu þá eftir,“ útskýrir Gísli. Það sama var uppi á teningnum nú. „Nína átti að eiga tveimur vikum fyrir frumsýningu á Hróa hetti, svo það var alltaf vitað að ég þyrfti að bregða mér frá. Þá vantaði mig einhvern snilling til að halda um taumana - og Selma er það. Við unnum þetta saman og deildum með okkur verkefnum. Hún er svo fær. Svo fór ég heim og þá tók hún við,“ segir Gísli. Hrói hans höttur hefur fengið góðar móttökur í Englandi og



verið úthlutað fjórum og fimm stjörnum hjá gagnrýnendum. Leikmynd Barkar Jónssonar hefur ekki síst vakið athygli, en leikarar koma til dæmis inn á sviðið með því að renna sér niður brattan og að því er virðist grasi vaxinn vegg. Gísli var enda handviss um að hann vildi vinna verkefnið með Berki. „Við Börkur vinnum mjög vel saman. Þar að auki er þetta stórt og flott leikhús og mjög vel tækjum búð. Það er nýbúð að taka það í gegn. Þetta er það flottasta sem til er, nýjasta tækni alls staðar. Mig langaði þess vegna að reyna að koma sem flestum héðan þangað – ég var viss um að það væri hægt að læra svo mikið af þessu,“ segir Gísli. „Þar fyrir utan vildi ég auðvitað vera umkringdur mínu fólki, því leikhús gengur allt út á samstarf. Ég tróð Högna úr Hjaltalín líka inn í þetta, ég er svo hrifinn af því sem þau hafa verið að gera,“ bætir hann við.

Fjárhagsáætlunin sem RSC lagði upp með var því fljótlega orðin ansi þanin. „Ég var löngu búinn að sprengja budgetið,“ segir Gísli og hlær við. „Þeir bjuggust við því að ég kæmi

kannski með einn með mér. Svo var þetta alltaf eitthvað svona: „Ég var nú að skoða ljósaðhönnuðina þarna hjá ykkur og mér líst ekkert allt of vel á þá. Listræn ákvörðun mín er að það þetta verður að vera Björn Helgason.“ Þau gátu víst ekki sagt nei við listrænni ákvörðun,“ segir Gísli og brosir út í annað. „Þegar tónlistin bættist við líka fórnðu þau bara höndum og sögðu að peningarnir væru búnir. Þá fer maður bara í íslenska fiffið; Bjóssi býr í húsinu okkar og Högni fer þangað. Ef maður nær að hjálpa fólki að spara peninga er þetta aldrei neitt mál,“ segir hann.

Í draumastöðu

Dvöl Gísla í Noregi mun standa fram í apríl. Næsta sumar liggur leið hans svo til Danmerkur og Svíþjóðar, þar sem hann vinnur að samnorrænu verkefni. „Verkefnið ber vinnuheitið Bastards og við vinnum það með norskum, sænskum og íslenskum leikurum. Það verður sýnt á Íslandi, Danmörku og Svíþjóð næsta sumar og er mjög stórt og mikið. Þar er ég með í handrits-

skrifum, en við fengum líka til liðs við okkur handritshöfund sem hefur verið Óskarstilnefndur fyrir handrit, að bíómyndinni The Fisher King, og hefur skrifað fullt af Hollywood-bíómyndum,“ segir Gísli frá. Þar fyrir utan hefur hann fengið tilboð frá Kína, Spáni, Indlandi, Japan, Englandi og Noregi um ýmiss konar verkefni á næstu misserum og eru bíómyndir þá ótaldar.

Er þetta ekki draumastaða sérhvers leikara? „Jú, algjörlega. Sérstaklega af því að ég fór í þetta með því hugarfari að ég yrði bara að búa til mín eigin verkefni... Drifkrafturinn á bak við það var ekki bara uppreisnargirni, heldur ekki síður hræðslan við að enginn myndi hringja og ég fengi ekkert að gera! Maður var kannski kominn með eitt verkefni en svo vissi maður ekkert hvað tæki við. Hvað ef það gengi ekki vel – yrði ég þá bara búinn að vera? Fengi ég aldrei vinnu aftur? Þetta hefur núna æxlast þannig að nú er ég búinn að yfirhlaða mig af verkefnum langt fram í tímann,“ segir Gísli.

Troða snjóinn saman

Það er ekki sjálfgefið að líf flökkukindar eins og Gísla samræmist auðveldlega fjölskyldulífi og heimilishaldi. Hann segir reikningsdæmið þó hafa gengið vel upp – að minnsta kosti hingað til.

„Það vill náttúrulega svo vel til að Nína er einn af Vesturporturunum og er í flestum sýningum, svo við erum yfirleitt saman á þessum ferðalögum. Þegar við förum í lengri ferðir eru börnin bara með,“ segir Gísli og brosir, enn óvanur fleirtölunni.

„Dóttir okkar er ekki byrjuð í skóla ennþá svo hún hefur bara verið í leikskóla heimsins hingað til. Við höfum líka tekið með okkur au pair, eða þá að mamma hefur komið með. Oft eru þetta líka styttri ferðir og við eigum mjög góða að, svo hún hefur bara verið í pössun hjá ömmu sinni. Þetta hefur allt verið í góðu hingað til og ekkert mál – öllum fundist þetta gefandi og hressandi. Við erum voða afslöppuð gagnvart þessu. Það var farið með mig á milli Noregs og Íslands heimlíkið sem krakka og ég þakka fyrir það í dag, ég held að það hafi gert mér mjög gott. Ég

er mjög afslappaður gagnvart því að þurfa að hafa aga og reglu á öllu, við troðum bara snjóinn „as we go along“. Þetta er ekkert útpælt,“ segir Gísli.

Áður en blaðamaður hleypir honum aftur heim í faðm fjölskyldu og á vit verkefnalistans er ekki úr vegi að forvitnast um örlög Rómeó og Júlíu – þar sem ævintýrið byrjaði allt saman.

„Þau lifa enn!“ segir Gísli. „Í tilefni af tíu ára afmælinu okkar í vor ætlum við að sýna verkið í Borgarleikhúsinu, og gera ýmislegt annað líka. En það hlýtur bara að vera í síðasta skiptið sem við leikum Rómeó og Júlíu,“ segir Gísli af þunga. „Það hlýtur bara að vera komið að endalokum þeirra... Nema við gerum þetta alltaf á tíu ára fresti, sem einhvern brandara,“ bætir hann hugsi við. „Nei, grínlaust, þá þykir okkur alltaf jafn vænt um þessa sýningu og gaman að gera hana. Við sýndum hana síðast fyrir tveimur árum og það var held ég uppáhaldsskiptið okkar allra,“ segir hann að lokum, áður en hann hverfur aftur út í örlítið ljósari morgunskímuna.

– Sunna Dís Másdóttir.



Guðmundur M. Kristjánsson, faðir Arnar Elíasar tekur við viðurkenningunni fyrir hönd sonar síns. Með honum á myndinni er Thelma Hjaltadóttir blaðamaður.

Örn Elías Vestfirðingur ársins 2011

Vestfirðingur ársins 2011 samkvæmt vali lesenda fréttavefjarins bb.is er Örn Elías Guðmundsson, betur þekktur sem tónlistarmaðurinn Mugison. Örn Elías hefur verið viðloðandi tónlist um margra ára skeið og gefið út nokkrar hljómplötur. Stjarna hans hefur aldrei risið eins hátt og undir lok síðasta árs er hann gaf út hljómdiskinn Haglél sem selst hefur í tugþúsundum eintaka. Til að þakka landsmönnum fyrir stuðninginn hélt Örn Elías fjölmarga tónleika víðsvegar um land auk þriggja tónleika í Hörpu þar sem þúsundir landsmanna hlustuðu á hann án endurgjalds. Þess má geta að Örn Elías var einnig kjörinn Vestfirðingur árs-

ins 2004 og er því sá fyrsti til að hampa nafnbótinni í tvígang.

Örn Elías fékk ríflega 36% greiddra atkvæða en rúmlega 400 atkvæði bárust. „Stórkostlegur tónlistarmaður. Frábær fulltrúi Vestfirðinga. Persóna sem fær mann til að trú á það góða í einstaklingnum. Gefur meira af sér en hann þiggur. Mugison er maður fólksins. 100% gæðadrengur með stórt hjarta. Maður með einstakt hjartalag. Stolt Vestfirðar,“ segir m.a. í umfjöllun lesenda vefjarins um Örn Elías.

Í öðru sæti í vali á Vestfirðingi ársins var Guðni Albert Einarsson, framkvæmdastjóri á Suðureyri. Hann fékk 32% greiddra atkvæða og samanlagt fengu þeir

Guðni og Örn Elías 68% greiddra atkvæða. „Guðni hefur unnið markvisst að uppbyggingu atvinnu- og mannlífs á Vestfirðum. Hefur stuðlað að því um margra ára skeið að gefa blindum Nígerubúum sjón. Einn af kraftaverkamönnum Suðureyrar. Gull af manni. Góður og gildur íslenskur þegn sem gerir góða hluti með hagsmunum heildarinnar að leiðarljósi. Sonur lands og þjóðar,“ segir m.a. í umfjöllun lesenda bb.is um Guðna Albert.

Í þriðja sæti í vali á Vestfirðingi ársins var Jón Guðbjartsson, framkvæmdastjóri rækjuverksmiðjunnar Kampa á Ísafirði. Hann fékk 9% greiddra atkvæða. Alls fengu 55 einstaklingar at-

kvæði í kosningunni en rúmlega fjögur hundruð manns tóku þátt í kjörinu. Örn Elías fékk eins og að framan greinir 36% greiddra atkvæða, Guðni Albert fékk 32% greiddra atkvæða og Jón fékk 9% greiddra atkvæða. Þeir sem höfnuðu í þremur efstu sætum fengu 77% greiddra atkvæða.

Áður hafa fengið nafnbótina Vestfirðingur ársins þau Benedikt Sigurðsson (2010), Halldór Gunnar Pálsson (2009), Egill Kristjánsson (2008), Arna Sigríður Albertsdóttir (2007), Suneva Sigurðardóttir (2006), Sigríður Guðjónsdóttir (2005), Örn Elías Guðmundsson (2004), Magnús Guðmundsson (2003), Hlynur Snorrason (2002) og

Guðmundur Halldórsson (2001).

Þar sem Örn Elías er búsettur í Reykjavík, tók faðir hans Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar við viðurkenningu í tilefni útnefningarinnar sem og eignar- og farandgrip sem smíðaður er af Ísfirðingnum Dýrfinnu Torfadóttur, gullsmíð.

Aðstandendur valsins á Vestfirðingi ársins 2011, Gullauga ehf., á Ísafirði, Skýrr hf., í Reykjavík og fréttavefurinn bb.is óska öllum þeim sem fengu tilnefningu til hamingju og þakka lesendum þátttökuna og óska þeim velfarnaðar á nýbyrjuðu ári.

– bb@bb.is

Eftirtaldir einstaklingar / aðilar fengu atkvæði í valinu á Vestfirðingi ársins 2011: Halldór Gunnar Pálsson, Jakob Einar Jakobsson, Peter Weiss, Konráð Eggertsson, Brellurnar á Patreksfirði, Samúel Samúelsson, Sigurður Atlason, Ólafur Halldórsson, Vestfirðingar allir, Bræðurnir að Hótel Núpi, Ylja Guðný Gýgja og Bjarney, Jón Guðni Pétursson, Elías Guðmundsson, Ragney Líf Stefánsdóttir, Guðrún S. Valgeirsdóttir, Karen Guðmundsdóttir, Freyja Margrét Bjarnadóttir, Magnús Hauksson, Halldór Eraclides, Kári Þór Jóhannsson, Sigurður Ólafsson (Búi), Stella Hjaltadóttir, Sigurður Arnfjörð Guðmundsson, Jón Svanberg Hjartarson, Úlfar Lúdvíksson, Sokkabandið, Trausti M. Ágústson, Þórdís Jóna Jakobsdóttir, Stefán Dan Óskarsson, Eyþór Jónsson, Þorbjörn Steingrímsson, Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Örn Elías Guðmundsson, Sigmundur Þórðarson, Jón Guðbjartsson, Óskar Þór Lárusson, Páll Hólm, Egill Gunn, Sigríður Sigþórsdóttir, Haraldur Leifsson, Elena Dís Víðisdóttir, Inga Jórunn Jóhannesdóttir, Keran Stueland, María Rut Kristinsdóttir, Guðni Albert Einarsson, Halldór Logi Friðgeirsson, Ásthildur Sturludóttir, Björn Reynir Gunnarsson, Karitas Hafliðadóttir, Ingibjörg Óskarsdóttir, Ragna Magnúsdóttir, Guðmundur M. Kristjánsson, Einar Örn Konráðsson, Þórður Vagnsson, Sigríður Jóna Sigurjónsdóttir.

Örn Elías Guðmundsson:

„Karakter sem er í algjörum sérflokki – Stórkostlegur tónlistarmaður – Frábær fulltrúi Vestfirðinga – Öndvegis drengur með fæturna á jörðinni sem nýtir öll tækifæri til að koma Vestfjörðum á framfæri – Persóna sem fær mann til að trú á það góða í einstaklingnum – Heilsteyptur og góður í gegn – Maður sem fer sínar eigin leiðir og gleður aðra – Gefur meira af sér en hann þiggur – Mugison er maður fólksins – 100% gæðadrengur með stórt hjarta – Prímusmótor á bak við Aldrei fór ég suður – Frábær framvörður Vestfjarða – Ljúfur og gjafmildur snillingur – Gull af manni sem setur sig ekki á háan hest þrátt fyrir velgengi – Gaf út frábæra plötu Haglél og bauð þjóðinni ókeypis tónleika – Maður með einstakt hjartalag – Stolt Vestfjarða.“




Guðni A. Einarsson:

„Hefur unnið markvisst að uppbyggingu atvinnu- og mannlífs á Vestfjörðum – Unnið óeigingjarnt starf til að tryggja velferð Súgfirðinga – Dugnaðarforkur – Hefur stuðlað að því um margra ára skeið að gefa blindum Nígeríubúum sjón – Einn af kraftaverkamönnum Suðureyrar – Er öllum til fyrirmyndar – Stálheiðarlegur, traustur og réttisýnn – Sannur Vestfirðingur – Gull af manni – Framúrskarandi athafnamaður – Hefur sinnt árangursríku líknastrarfi í Afríku – Eini höfðinginn sem ég þekki – Sonur lands og þjóðar – Afrek hans hafa skilað sér í góðum hjörtum, brosum hjá fullorðnum og börnum, yndistönnum í eyrum og hlátri í fjöllum.“

Jón Guðbjartsson:

„Hörku duglegur maður sem hefur með þrautseigju og elju skapað fjölmörg störf í Ísafjarðarbæ – Hef grun um að hann hafi almættið með sér í baráttunni – Lætur sig samfélagið varða – Hefur borið gæfa til að reka fyrirtæki sitt með hagnaði undanfarið ár – Skilar hagnaðinum aftur til starfsfólksins og samfélagsins – Atvinnuskapandi maður – Stórhuga maður – Hefur drifið áfram atvinnulífið á Ísafirði – Hugsar um sinn minnsta bróður – Sýnir kjark og þor enda ekkert blávatn hann Nonni Bjartar – Heiðarlegur og duglegur maður – Byggir upp kröftugt atvinnulíf í Ísafjarðarbæ – Framsýnn í atvinnumálum.“



Ísafjörður.

Greiðslur vegna húsaleigubóta lækkuðu á Vestfjörðum

Greiðslur vegna húsaleigubóta á Vestfjörðum lækkuðu um 5% milli ára 2008 og 2010. Í öllum öðrum landslutum hækkðu greiðslurnar á sama tímabili. Sveitarfélög á Vestfjörðum greiddu rúmar 63 milljónir króna í húsaleigubætur árið 2010 og rúmar 66 milljónir árið 2008. Húsaleigubótum er ætlað að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leigjenda og draga úr aðstöðumun á húsnæðismarkaði. Húsaleigubætur til einstaklinga eru misháar og byggja á ákveðinni reiknireglu sem tekur tillit til þátta eins og barnafjölda, leigufjárhæðar, árs-tekna og fleira. Alls þáðu 308 einstaklingar húsaleigubætur á árinu 2010. 43% greiðslunnar runnu til viðtakenda sem bjuggu í félagslegum íbúðum en það er töluvert herra hlutfall en á landsvísi sem er 29%.

Á Vestfjörðum fóru 41% af húsaleigubótum til íbúa í almennum íbúðum samanborið við 57% á landsvísi, 15% fóru til íbúa í námsgörðum eða heimavistum samanborið við 13% á landsvísi og 1% fóru til íbúa í sambýlum samanborið við 2% á landsvísi. Þá greiddu sveitarfélög á Vestfjörðum rúmar 1,2 milljónir króna í greiðslur vegna svokallaðra sérstakra húsaleigubóta, en sjö viðtakendur þáðu sérstakar húsaleigubætur á Vestfjörðum árið 2010. Sveitarfélögum er í sjálfsvald sett hvort þau greiði sérstakar húsaleigubætur. Ekkert sveitarfélag á Norðurlandi vestra greiddi slíkar bætur árið 2010. Sérstakar húsaleigubætur eru viðbót við grunnfjárhæðir húsaleigubóta og eru ætlaðar leigjendum sem búa við mjög

erfiðar félagslegar og fjárhagslegar aðstæður.

Nær 61,7% greiðslna til sérstakra húsaleigubóta á Vestfjörðum fóru til viðtakenda í almennum íbúðum en 38,3% til viðtakenda í félagslegum íbúðum. Þetta

er nokkuð öðruvísi skipting en á landsvísi þar sem 41,1% greiðslna fór til viðtakenda í almennum íbúðum og 58,6% til viðtakenda í félagslegum íbúðum. Skiptingin er þó misjöfn eftir landslutum.

– asta@bb.is



ÍSAFJARÐARBÆR

Arkitektahönnun Hjúkrunarheimili á Ísafirði, Forval – útboð

Verkís hf., fyrir hönd Ísafjarðarbæjar, óskar eftir aðilum til þátttöku í útboði fyrir arkitektahönnun vegna hjúkrunarheimilis á Ísafirði.

Um er að ræða arkitektahönnun 30 rýma hjúkrunarheimilis, 2000-2500 m² að flatarmáli.

Valdir verða allt að fimm aðilar til að taka þátt í útboði á arkitektahönnun hjúkrunarheimilisins.

Forvalsgögn verða afhent í gegnum verkefna-vef Verkís frá 5. janúar 2012. Sækja þarf um aðgangsorð á tölvupóstfang verkis.isafjordur@verkis.is með nafni, heimilisfangi og síma.

Umsóknnum skal skila á tæknideild Ísafjarðarbæjar, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði fyrir kl. 11:00, 23. janúar 2012, en þá verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum, sem þess óska.



VERKÍS
Verkfræðistofa

Byggði fimmtán manna snjóhús með geimveruloftneti

Vestfirðingar hafa látið reyna á sköpunargáfuna í því vetrar undralandi sem er í fjórðungnum um þessar mundir og má víða sjá snjókalla og snjóhús af ýmsum gerðum. Eitt snjóhús á Ísafirði hefur þó vakið mikla athygli en byggingameistari þess er Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi Ísafjarðarbæjar.

„Snjóhúsið hefur nú sigið saman um svona 15 sentimetra en

áður var það nógu stórt til þess að Hálfán Bjarki Hálfánsson (upplýsingafulltrúi Ísafjarðar sem er mjög hávaxinn innskot blaðamanns) gat staðið uppréttur í því og ætli það rúmi ekki um 12-15 manns,“ segir Ralf.

Hann segir að smíði snjóhússins hafi tekið um þrjár vikur. „Það tók mig og félagi minn um tvær klukkustundir að fullklára húsið en áður hafði ég verið að

bæta við það smátt og smátt í um þrjár vikur. Svo vorum við að búa til bekkir innan í því og snyrta það til og ýmislegt annað.“ Hann bætir við að húsið sé byggt á grunni annars snjóhúss sem bráðnaði. Snjóhúsið hefur vakið mikla athygli bæjarbúa. „Það er klaki ofan á því sem lítur út eins og einhvers konar geimveruloftnet. Og eftir að það var komið hefur fólk sýnt þessu áhuga. Áður var

þetta bara eins og kúla í garðinum.“

Aðspurður um ástæðuna fyrir smíðinni segist Ralf ekki hafa haft neitt annað fyrir stafni og því ákveðið að fara út og moka. Þetta varð síðan að langtímaverkefni. Hann segist hafa notast að miklu leyti við byggingarfræði

eskimóa og skorið út kubba úr snjónum sem raðað var upp og festir saman með meiri snjó. Eins og venja er þegar hús eru kláruð var haldið reisugildi í húsinu. „Þetta var fínt party og það mættu um 10-15 manns og við vorum með kertaljós og fíneri.“

– *thelma@bb.is*



Notalegt er að vera innandyrá í húsinu en þar hafa verið gerðir bekkir, borð og hillur úr snjó.

Milljónir í samfélagsstyrki

Í tilefni af 10 ára afmæli Orkubús Vestfjarða ohf., 1. júlí á síðasta ári ákvað stjórn fyrirtækisins að veita 1.750 þúsund krónur í styrk til héraðssambandanna á Vestfjörðum og Ungmennafélagsins Aftureldingar á Reykhólum. Styrknum var ætlað að efla barna- og unglíngastarf félaganna og var þar sérstaklega horft til unglíngalandsmóts UMFÍ á síðasta ári. Héraðssamband Vestfirðinga fékk eina milljón króna, Héraðssambandið Hrafnafloki fékk 300 þúsund, Héraðssamband Strandamanna og Héraðssamband Bolungarvíkur fengu 200 þúsund krónur hvort og Ungmennafélagið Afturelding fékk 50 þúsund króna styrk. Þá samþykkti stjórn fyrirtækis-

ins einnig að veita 500 þúsundum króna til ýmissa annarra verkefna á starfssvæði Orkubúsins.

Í byrjun desember á síðasta ári ákvað stjórn fyrirtækisins að styrknum yrði skipt á eftirfarandi hátt. Unglingastarf KFÍ, Siglingaklúbburinn Sæfari og meistaraflokksráð kvenna hjá BÍ/Bolungarvík fá 100 þúsund króna styrk hvert. Þá fær Framför, styrktarsjóður skíðamanna á Ísafirði, Skíðafélag Strandamanna, slysavarnadeild kvenna og Björgunarfélag Ísafjarðar 50 þúsund króna styrk hvert. Garðurinn Skrúður í Dýrafirði fær 30 þúsund króna styrk og leikfélag Patreksfjarðar 20 þúsund króna styrk.

– *asta@bb.is*

Sammála um að sitja

Stakkur skrifar >

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mállefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður.

Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Á nýbyrjuðu ári veltir fólk gjarnan fyrir sér stöðu sinni í lífinu. Margir eiga gott ár að baki, aðrir ekki og svo getur það hafa verið blanda af góðum og slæmum atburðum. Allir óska sér þess að árið 2012 verði þeim og þeirra fólki gott. En margir kvíða árinu framundan. Skuldir hverfa ekki af sjálfu sér og því miður eru þær baráttu fjölmargra fjölskyldna þetta komandi ár, líkt og verið hefur undanfarin ár. Segjast verður eins og er að ekki eru mörg góð teikn á lofti fyrir fjöldann. Miklu fremur virðist sú þróun halda áfram að létt sé undir með ofurskuldurum og þeim sem eiga fé. Þó er ekki að sjá að æskilegt þyki að erlent fé komi inn í landið. Að mörgu leyti er það skiljanlegt. Spörin frá árunum 2002 til 2007 hræða. Þótt hrúnið hafi verið hluti af þróun um allan heim verður ekki hjá því komist að finna sök hjá Íslendingum þegar skýringa á hrúninu er leitað.

Hver teikn eru á lofti um betra ár skal ósagt látið. Svo lítið ber á öðru en sjálfhóli þeirra sem um stjórnartauma halda. Allt er á réttri leið að mati ríkisstjórnar og alþingis þótt sýndarmennskan sé í fyrirrúmi. Skipt er um ráðherra nánast því eins og fólk skiptir um föt. Helst mætti halda að allt væri í himnalagi. Svo er ekki. Ríkisstjórnarflokkarnir eru sammála um það eitt að sitja. Margir sjá enga lausn á skuldamáli, búið er að taka út séreignarsparnað til að greiða skuldir og umboðsmaður skuldara hefur ekki lausnir á tak-

teinum. Sennilega hefði verið betra að leyfa fólki að byrja á nýjan leik frekar en að lengja stöðugt í snörinni. Heldur heilvita maður að einhver geti staðið í skilum með skuld sem nemur 110 prósentum af virði eignarinnar sem hún hvílir á? Á sama tíma hækka skattar, ásamt áfengi og tóbaki sem rennur beint inn í vísitöluna til að hækka lánin. Launin hækka lítið og ná ekki verðhækkunum. Auðvitað er hægt að vorkenna ríkisstjórninni fyrir að eiga við erfið vandamál. En ekki má gleyma því að þeir sem þar sitja buðust til að leysa þau og lýstu sig færa til þess. Öllu átti að breyta og bjarga og norræn velferð átti að ríkja á Íslandi. Á kosningaloforðin trúir nú enginn. Þó óttast margir að loforð um að breyta starfs- umhverfi í sjávarútvegi verði efnt.


Það loforð er hins vegar óefnt sem betur fer. Frumvarpið sem fram kom um breytingar var svo skelfilegt að jafnvel höfundar þess sáu að það yrði ekki til nema ills eins og myndi grafa undan sjávarbyggðum víða um land, sennilega sjávarútvegi öllum. Færi svo yrði lítið eftir á Vestfjörðum. Undirstöðurnar í atvinnulífi verða að reynast traustar og því er það hættuspil ofan á allt annað að hrófla við þeim. Byltingar í atvinnulífi leysa engan vanda nema með fylgi ný tækifæri og nýtt fé. Ekki má vega að því sem fyrir stendur. Það færir ógæfu yfir þjóð sem þarf á öllu að halda til ná sér á strík.

Flokkum sorp – það skiptir máli

Tryggjum gott aðgengi að sorptunnum
Mokum frá tunnum og auðveldum sorphirðuna

Sorphirðudagatal 2012

Janúar			Febrúar			Mars		
1	Sun	Nýársdagur	1	Mið	Hnífsdalur, Súgandafjörður og Önundarfjörður	1	Fim	Dýrafjörður, dreifbýli (sveitir)
2	Mán	Eyrin í Skutulsfirði að Túngötu/Hlíðarvegi	2	Fim	Dýrafjörður, dreifbýli (sveitir)	2	Fös	
3	Þri	Aðrir hlutar Skutulsfjarðar. Efri bærinn inn að Múlalandi, Tunguhverfi og Holtahverfi.						
4	Mið	Hnífsdalur, Súgandafjörður og Önundarfjörður	4	Lau		4	Sun	
5	Fim	Dýrafjörður, dreifbýli (sveitir)	5	Sun		5	Mán	Eyrin í Skutulsfirði að Túngötu/Hlíðarvegi
6	Fös		6	Mán	Eyrin í Skutulsfirði að Túngötu/Hlíðarvegi	6	Þri	Aðrir hlutar Skutulsfjarðar. Efri bærinn inn að Múlalandi, Tunguhverfi og Holtahverfi.
7	Lau		7	Þri	Aðrir hlutar Skutulsfjarðar. Efri bærinn inn að Múlalandi, Tunguhverfi og Holtahverfi.	7	Mið	Hnífsdalur, Súgandafjörður og Önundarfjörður
8	Sun		8	Mið	Hnífsdalur, Súgandafjörður og Önundarfjörður	8	Fim	Dýrafjörður, dreifbýli (sveitir)
9	Mán	Eyrin í Skutulsfirði að Túngötu/Hlíðarvegi	9	Fim	Dýrafjörður, dreifbýli (sveitir)	9	Fös	
10	Þri	Aðrir hlutar Skutulsfjarðar. Efri bærinn inn að Múlalandi, Tunguhverfi og Holtahverfi.						
11	Mið	Hnífsdalur, Súgandafjörður og Önundarfjörður	11	Lau		11	Sun	
12	Fim	Dýrafjörður, dreifbýli (sveitir)	12	Sun		12	Mán	Eyrin í Skutulsfirði að Túngötu/Hlíðarvegi
13	Fös		13	Mán	Eyrin í Skutulsfirði að Túngötu/Hlíðarvegi	13	Þri	Aðrir hlutar Skutulsfjarðar. Efri bærinn inn að Múlalandi, Tunguhverfi og Holtahverfi.
14	Lau		14	Þri	Aðrir hlutar Skutulsfjarðar. Efri bærinn inn að Múlalandi, Tunguhverfi og Holtahverfi.	14	Mið	Hnífsdalur, Súgandafjörður og Önundarfjörður
15	Sun		15	Mið	Hnífsdalur, Súgandafjörður og Önundarfjörður	15	Fim	Dýrafjörður, dreifbýli (sveitir)
16	Mán	Eyrin í Skutulsfirði að Túngötu/Hlíðarvegi	16	Fim	Dýrafjörður, dreifbýli (sveitir)	16	Fös	
17	Þri	Aðrir hlutar Skutulsfjarðar. Efri bærinn inn að Múlalandi, Tunguhverfi og Holtahverfi.	17	Fös		17	Lau	
18	Mið	Hnífsdalur, Súgandafjörður og Önundarfjörður	18	Lau		18	Sun	
19	Fim	Dýrafjörður, dreifbýli (sveitir)	19	Sun		19	Mán	Eyrin í Skutulsfirði að Túngötu/Hlíðarvegi
20	Fös		20	Mán	Eyrin í Skutulsfirði að Túngötu/Hlíðarvegi	20	Þri	Aðrir hlutar Skutulsfjarðar. Efri bærinn inn að Múlalandi, Tunguhverfi og Holtahverfi.
21	Lau		21	Þri	Aðrir hlutar Skutulsfjarðar. Efri bærinn inn að Múlalandi, Tunguhverfi og Holtahverfi.	21	Mið	Hnífsdalur, Súgandafjörður og Önundarfjörður
22	Sun		22	Mið	Hnífsdalur, Súgandafjörður og Önundarfjörður	22	Fim	Dýrafjörður, dreifbýli (sveitir)
23	Mán	Eyrin í Skutulsfirði að Túngötu/Hlíðarvegi	23	Fim	Dýrafjörður, dreifbýli (sveitir)	23	Fös	
24	Þri	Aðrir hlutar Skutulsfjarðar. Efri bærinn inn að Múlalandi, Tunguhverfi og Holtahverfi.	24	Fös		24	Lau	
25	Mið	Hnífsdalur, Súgandafjörður og Önundarfjörður	25	Lau		25	Sun	
26	Fim	Dýrafjörður, dreifbýli (sveitir)	26	Sun		26	Mán	Eyrin í Skutulsfirði að Túngötu/Hlíðarvegi
27	Fös		27	Mán	Eyrin í Skutulsfirði að Túngötu/Hlíðarvegi	27	Þri	Aðrir hlutar Skutulsfjarðar. Efri bærinn inn að Múlalandi, Tunguhverfi og Holtahverfi.
28	Lau		28	Þri	Aðrir hlutar Skutulsfjarðar. Efri bærinn inn að Múlalandi, Tunguhverfi og Holtahverfi.	28	Mið	Hnífsdalur, Súgandafjörður og Önundarfjörður
29	Sun		29	Mið	Hnífsdalur, Súgandafjörður og Önundarfjörður	29	Fim	Dýrafjörður, dreifbýli (sveitir)
30	Mán	Eyrin í Skutulsfirði að Túngötu/Hlíðarvegi				30	Fös	
31	Þri	Aðrir hlutar Skutulsfjarðar. Efri bærinn inn að Múlalandi, Tunguhverfi og Holtahverfi.				31	Lau	

 Almennt heimilissorp fjarlægt

 Endurvinnanlegt sorp fjarlægt

Sorphirða í Ísafjarðarbæ er miðuð við að sorp frá almenningi í öllum byggðakjörnum og sveitum (dreifbýli) bæjarins sé hreinsað fjóra fyrstu virka daga vikunnar, frá mánudegi til fimmtudags.

Líta verður á sorpdagatalið sem viðmiðunardagatal, enda margt sem getur haft áhrif á áætlunina. Almennt ætti ekki að skeika meiru en ½ til 1 degi á sorphirðunni milli hverfa. Ef spurningar vakna þá eru hlutaðeigandi beðnir um að hafa samband í síma 456-4166 eða með því að senda okkur rafpóst á kubbur@kubbur.is.

**Fyrirtækjum og stofnunum er bent á að Kubbur ehf. gerir tilboð í alla sorphirðu.
Sköffum einnig ílát, gáma, kör og tunnur ef óskað er.**



Sími: 456-4166 | www.kubbur.is | kubbur@kubbur.is

Veglegur rekstrarstyrkur rennur til Mjólkurstöðvarinnar á Ísafirði

Tæpur þriðjungur af verðmiðunargjaldi mjólkur árið 2012 skal renna til Mjólkurstöðvarinnar á Ísafirði sem rekstrarstyrkur. Taki MS ákvörðun um að hefja vinnslu í mjólkurstöðinni að nýju rennur þetta fé, sem gæti numið um 20 milljónum króna í ár, til rekstrarins á Ísafirði, samkvæmt heim-

ildum Morgunblaðsins. Jón Bjarnason, þáverandi landbúnaðarráðgjafi, tilkynnti þessa ákvörðun sína með bréfi 30. desember, degi áður en hann lét af störfum sem ráðgjafi.

Í bréfinu, sem sent var Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði, kemur fram að 70% af verðmið-

unargjaldinu árið 2012 greiðist til afurðastöðva í mjólkuriðnaði í sömu hlutföllum og stöðvarnar greiða í sjóðinn af innveginni mjólki. 30% af heildarupphæð gjaldsins skal hins vegar ráðstafað sem rekstrarstyrk til Mjólkurstöðvarinnar til að tryggja áframhaldandi rekstur hennar. Í fréttar-

skýringu um þetta mál í Morgunblaðinu segir, að meðan ekki er mjólkurvinnsla í Mjólkurstöðinni á Ísafirði munu fyrrnefndir fjármunir væntanlega liggja inni í Verðmiðlunarsjóðnum.

Framtíð Mjólkursamsölnunar á Ísafirði er, eins og kunnugt er, í óvissu en Mjólkursamsalan


hætti vinnslu og þökkun á mjólki í starfsstöð fyrirtækisins á Ísafirði í júní. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið skipaði í haust óformlegan starfshóp um málefni mjólkurbúsins á Ísafirði sem leitar leiða til að tryggja áframhaldandi starfssemi stöðvarinnar.

– *thelma@bb.is*

Segir bannið ógna búskap

„Er þetta ekki eignaupptaka, ég spyr. Við missum töluverðan hluta af okkar tekjum sem gerir erfiðara fyrir okkur að halda áfram búskap hér í eygni. Virði jarðarinnar rýrnar svo ofan í kaupíð,“ segir Salvar Baldursson, hlunnindabóndi í Vigur í Ísafjarðardjúpi, í samtali við Fréttablaðið. Eins og greint var frá í fréttum hefur umhverfisráðgjafi fengið samþykki ríkisstjórnar til að breyta lögum svo hægt sé að friða fimm sjófuglastofna af svartfuglaætt. Salvar segir að veiði á lunda sé um 15% af tekjum þeirra sem búa í Vigur. Teknir séu fimm til tíu þúsund fuglar á ári, eftir aðstæðum. „Flesta munar um það, en það versta er að ég

kem ekki auga á tilganginn. Lundinn er í vandræðum í Vestmannaeyjum og víðar en það segir ekkert um stöðuna hérna. Hér hefur lundí sótt í sig veðrið á undanförunum árum. Ég vil ekki meira af lunda því hér er stórt æðarvarp, sem fer ekki vel saman við of mikinn lunda.“ Salvar hefur veitt lunda í 40 ár í Vigur. Hann segir að á þeim tíma hafi sést greinilegar sveiflur á stofninum. „Þú fjölgar ekki lunda á excel-skjali. Þetta snýst allt um ætíð og hvar fuglinn vill vera þess vegna,“ segir Salvar við Fréttablaðið. Hann bendir á til samanburðar að í skýrslunni komi fram að einn netabátur hafi skráð 8.000 fugla í skýrslur eitt árið.



Verðskrá Orkubúsins hækkar um 6%

Verðskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforkudreifingu hækkaði um 6% um áramótin. Samkvæmt upplýsingum frá Orkubúsinu er

hækkunin tilkomin vegna almennra verðlagshækkana. Verðskrá fyrirtækisins fyrir hitaveitur og tengigjöld var einnig hækkuð

um 6% um áramótin af sömu ástæðu. Til viðbótar framangreindri hækkun á verðskrá hitaveitna, hækkar hver kílóvattstund frá kynntum hitaveitum um 30 aura en sú hækkun er bein afleiðing af 30% hækkun Landsvirkjunar á raforku til Orkubúsins. Verðskrá fyrir raforkusölu verður óbreytt.

Orkustofnun, sem fer með eftirlitshlutverk með tekjumörkum flutnings- og dreifiveitna, hefur farið yfir hækkunina og staðfest að hún sé innan þeirra tekjuheimilda sem Orkubú Vestfjarða hefur samkvæmt raforkulögum. Þá hefur iðnaðarráðuneytið staðfest hækkun á verkskrá Orkubúsins



fyrir hitaveitur og auglýst hana í Stjórnartíðindum.

Ef ný verðskrá Orkubúsins er skoðuð má m.a. sjá að fastagjald fyrir almenna notkun í þéttbýli, varstærð allt að 80A, hækkar úr 19.755 kr/ári í 20.941 kr/ári og orkugjald, vegna allrar orku, hækkar úr 5,35 kr/kWst í 5,67 kr/kWst. Fastagjald fyrir almenna notkun í dreifbýli, varstærð allt að 80A, hækkar úr

29.998 kr/ári í 31.798 kr/ári. Þá hækkar orkugjald fyrir hitun íbúðarhúsnæðis, minnst 77° frá kyndistöð, úr 6,37 kr/kWst í 7,08 kr/kWst og fastagjaldið hækkar úr 28.541 kr/ári í 30.253 kr/ári.

Iðnaðarráðuneytið hefur auglýst niðurgreiðslur á orku til hitunar íbúðarhúsnæðis sem tóku gildi um áramótin. Niðurgreiðslur til rafhitunar á veitusvæði Orkubús Vestfjarða hækka úr 4,15 kr/kWst í 4,32 kr/kWst í dreifbýli og úr 2,81 kr/kWst í 2,87 kr/kWst í þéttbýli. Niðurgreiðslur vegna kynnttra hitaveitna hækka um úr 2,31 kr/kWst í 2,39 kr/kWst. – *asta@bb.is*

Til sölu!

Óskað er eftir tilboðum í lausaféignir þrotabús Spýtunnar ehf.

Nánari upplýsingar veitir útibússtjóri Landsbankans á Ísafirði.



Landsbankinn



MS vinnur enn að því í samráði við bæjaryfirvöld á Ísafirði að koma á starfsemi í húsnæði fyrirtækisins á Ísafirði, hver svo sem hún verður.

Breytir ekki forsendum fyrir breytingum á rekstrinum

Ákvörðun Jóns Bjarnasonar fráfarandi landbúnaðarráðherra þess efnis að tæpur þriðjungur af verðmiðlunargjaldi mjólkur í ár skuli rennar til Mjólkurstöðvarinnar á Ísafirði sem rekstrarstyrkur, ef rekstri verður haldið áfram, breytir ekki þeim forsendum sem lágu til grundvallar þeim breytingum sem gerðar voru á stöðinni síðastliðið vor. Þetta segir Einar Sigurðsson, forstjóri Mjólkursamsölunnar. Einar segir að fulltrúar MS eigi eftir að fara yfir ákvörðun ráðherra með ráðuneytinu, sérstaklega í ljósi þess að árið 2007 var ákveðið að ráðstafa verðmiðlunargjaldinu til að mæta kostnaðarhækkun sem annars hefði leitt til verðhækkunar mjólkurvara. Það hafi verið sameiginleg ákvörðun fulltrúa ráðu-

neytisins, neytenda og fulltrúa bænda í verðlagsnefnd.

„Að mati fyrirtækisins hefur þessum fjármunum því þegar verið ráðstafað neytendum til góða. Þetta bréf eða þessi ákvörðun fráfarandi landbúnaðarráðherra er ný tilkomin og hefur því ekki breytt forsendum fyrir þeim breytingum sem gerðar voru á starfsemi hjá MS á Ísafirði í fyrravor,“ segir Einar. „Þegar verðmiðlunargjaldinu var komið á á sínum tíma voru fjármunir fluttir milli fyrirtækja og gjaldið látið renna til starfsemi vinnslustöðva sem nauðsynlegt var að halda úti af samgönguáætlun vegna landfræðilegrar einangrunar. Það átti að standa straum af óhagkvæmri mjólkursöfnun frá bændum, vinnslu og flutningum

á markað. Við erum með þrjár ferðir í viku vestur og höfum fjölgað þeim um 50%. Við teljum því að Ísafjarðarsvæðið sé ekki landfræðilega einangrað og teljum okkur geta staðið með sóma að söfnun mjólkur og dreifingu þar.“

„MS er áfram með starfsemi í kringum söfnun og dreifingu á Ísafirði þótt vissulega sé þetta önnur starfsemi en var á Ísafirði fyrrum. Það á einnig við um aðra staði á borð við Hornafjörð, Vopnafjörð, Blönduós, Hvamms-tanga og Borgarnes þar sem áður var mjólkurvinnsla. Tækniþróun og samgönguþróun hefur breytt öllu framleiðslumynstri í mjólkurriðnaði,“ segir Einar.

Hann bendir á að MS hafi um nokkurra ára skeið flutt 2/3 hluta

mjólkurframleiðslu af norðanverðum Vestfjörðum til vinnslu í Búðardal og síðan hafi allar aðrar afurðir en drykkjarmjólk og rjómi verið fluttar vestur frá öðrum landshlutum. „Í fyrrasumar byrjuðum við að færa neyslumjólk í nýjar og notendavænni umbúðir með tappa, sem ekki er hægt að pakka í á Ísafirði. Nú í febrúar kemur léttmjólkinn í nýjum umbúðum af þessu tagi og við gerum svo ráð fyrir þegar stóru pökkunarvélarnar hér í Reykjavík verða endurnýjaðar seinna á árinu að neyslumjólkinn verði öll í þessum notendavænni pakkningum. Það er ekki hagkvæmt að setja upp aðra mjólkurvinnslulínu í búinu vestra.“

Mjólkursamsalan gerir ráð fyrir að halda áfram viðræðum

sem hófust fyrir áramót við bæjaryfirvöld á Ísafirði um möguleika á að hlúa að einhverri annarri nýrri uppbyggingu í húsnæði Mjólkursamsölunnar. „Mjólkursamsalan er eins og öll önnur fyrirtæki á Íslandi knúin til að leita ítrustu hagræðingar í starfsemi sinni í gegnum tækniþróun og tækifæri sem betri samgöngur skapa. Með hagræðingu síðustu ára hefur tekist að lækka árlegan kostnað við söfnun, vinnslu og dreifingu um tvo milljarða króna. Haggræðing, samruni mjólkurbúa, bætta samgöngur og aukin tækni hafa breytt landslaginu í þessari atvinnugrein og það hefur komið bændum og neytendum til góða,“ sagði Einar Sigurðsson, forstjóri Mjólkursamsölunnar.

– thelma@bb.is

Sælkeri vikunnar er Guðrún Elíasdóttir í Súðavík

Kjúklingasúpa með núðlum og makkarónu fromage

Sælkeri vikunnar býður upp á Kjúklingasúpa með núðlum sem gott er að bera fram með grófu brauði. Þá býður sælkeri upp á gómsætan makkarónu fromage í eftirrétt.

Kjúklingasúpa með núðlum

2 kjúklingabringur, bein lausar og hamflettur
1 msk. olía
2 hvítlauksgeirar, saxaðir smátt
1 msk. engifer, saxaður
½ chili-aldin, fræhreinsað og saxað
1 líter vatn

1 msk. kjúklingakraftur
Safi úr einni límónu
1 tsk. sojasósa
½ gul paprika
Nýmalaður pipar
Salt
100 gr. eggjanúðlur

Kjúklingabringurnar eru skornar í ½ cm þykkar sneiðar þvert yfir. Olían er hituð í potti, hvítlauk, engifer og chili sett út í og látið krauma í 1-2 mínútur án þess að það brúnist. Þá er vatninu hellt yfir og kjúklingakrafti, límónusafa og sojasósu hrært saman við. Hitað að suðu og látið malla

í 5-10 mínútur. Paprikan er fræhreinsuð og skorin í ræmur. Paprikan og kjúklingurinn er sett út í. Kryddað með pipar og salti og látið sjóða í um 5 mín. Núðlurnar eru settar út í súpuna og súpan soðin áfram í 2-3 mínútur, eða þar til núðlurnar eru meyrar. Smakkaðu og bragðbættu með pipar, salti og límónusafa eftir þörfum. Berðu súpuna fram með grófu brauði.

Makkarónufromage

150 gr. Makkarónukökur
½ - 1 dl. Sherry
1 líter romm fromage

½ líter þeyttur rjómi
2 bananar
Súkkulaðispæni

Látið fromaginn þiðna í nokkra tíma. Makkarónukökurnar er muldar og settar í skál, þá eru þær bleyttar með sherry. Sirka ½ fromage er settur ofan á, bananarnir eru skornir í sneiðar og raðað ofan á, helmingurinn af rjómanum þar á eftir og endað með því að strá súkkulaðispæni yfir. Síðan er fromage settur ofan á það, bananar, rjómi og skreytt. Ég skora á Milli og Pétur Markan í Súðavík að vera næstu sælkerar vikunnar.



JEPPADAGAR

Notaðir gæðajeppar í úrvali

Við eigum **gott úrval af notuðum Kia Sorento og öðrum jeppum** á verði við allra hæfi. Núna er tækifærið til að tryggja sér öflugan jeppa á góðu verði og vera klár í vetrarfærðina.

Dráttarbeisli og vetrardekk fylgja öllum jeppum, þeir eru nýsmurðir og klárir í skaflana.

Allt að 70% bílalán í boði.

Dæmi

KIA Sorento árgerð 2011. Skráður í desember 2010. Ekinn 25.000 km.
Verð 4.690.000 kr. Útborgun eða uppítökubíll 1.407.000 kr.

mánaðargreiðsla

53.690 kr.

Miðað við óverðtryggðan bílasamning Ergo til 84 mánaða og 30% innborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 9,95%.



ASKJA NOTAÐIR BÍLAR

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz og KIA á Íslandi.

